

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar
Rangárvöllum 2
603 Akureyri

Reykjavík, 29.8.2023
UST202301-139/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar þann 3. ágúst 2023

Þann 3. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar við Súluveg og bikgeymi við Naustatanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik frá kröfum starfsleyfis er opið. Snýr að losun kolmónoxíðs sem er yfir losunarmörkum. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun sem kveður á að úrbótum skuli lokið fyrir 1. september nk.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti en fimm ábendingar voru settar fram:

1. Fjarlægja þarf tæki og tól sem geymd eru á gilbrúninni, inni á skilgreindu náttúruverndarsvæði Glerár, sbr. Aðalskipulag Akureyrar.
2. Rekstraraðila er bent á að senda afrit af þykktarmælingum og þrýstiprófunum til stofnunarinnar svo hægt sé að samþykkja áframhaldandi notkun búnaðarins.
3. Bent er á að loki á lekavarnarþró um olúgeyma skal alltaf vera lokaður nema verið sé að tæma rigningarvatn úr þrónni.
4. Árekstrarvarnir skulu vera um olúgeyma (bamba) ef þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.
5. Farið er fram á að stofnunin fái send afrit af uppfærðum áætlunum sem eiga að liggja fyrir í stöðinni.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur